



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 7/2009

Endurákvörðun rekstrargjalds Neyðarlínunnar vegna rekstrarársins 2007

I.

Málavextir og bréfaskipti

1.1 Bréf PFS til allra fjarskiptafyrirtækja, dags. 9. apríl 2008

Með bréfum, dags. 9. apríl 2008, minnti Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) skráð fjarskiptafyrirtæki á að upplýsingar um gjaldskylda veltu af fjarskiptastarfsemi þyrftu að berast stofnuninni eigi síðar en 30. apríl s.á., sbr. 5. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Álagningu rekstrargjalds skyldi svo lokið eigi síðar en 15. maí s.á., sbr. 6. mgr. 14. gr. sömu laga.

1.2 Álagning rekstrargjalds á Neyðarlínuna þann 15. maí 2008

Með bréfi, dags. 15. maí 2008, lagði PFS rekstrargjald að fjárhæð kr. 112.500 á Neyðarlínuna ohf. Þar sem engar upplýsingar um gjaldskylda veltu bárust frá félaginu áætlaði PFS gjaldskylda veltu félagsins með heimild í 5. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003. Byggði PFS áætlaða veltu á gjaldskyldri veltu Neyðarlínunnar vegna rekstrarársins 2006 að viðbættu 25% álagi. Samkvæmt því var velta Neyðarlínunnar vegna fjarskiptastarfsemi áætluð kr. 37.500.000 og nam rekstrargjaldið því kr. 112.500.

1.3 Fyrirspurnarbréf PFS til Neyðarlínunnar, dags. 23. september 2008

Með bréfi, dags. 23. september s.l., óskaði PFS eftir tilteknum upplýsingum frá Neyðarlínunni um gjaldstofn félagsins til rekstrargjalds.

Fram kom að við álagningu rekstrargjalds á árinu 2007, vegna rekstrarársins 2006, hefði PFS áætlað rekstrargjaldsstofn á Tetra Ísland ehf., kt. 511099-2269, að fjárhæð 200.000.000 þar sem upplýsingar hefðu ekki borist um gjaldskylda veltu félagsins. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjaskrá RSK var Tetra Ísland ehf. verið sameinað Neyðarlínunni ohf., kt. 511095-2559, sbr. samrunaáætlun, dags. 19. október 2006, sem staðfest var á hluthafafundi 31. desember 2007. Uppgjörstagur samrunans var 30. júní 2006 og var Tetra Ísland ehf. afskráð úr hlutafélagsskrá 30. janúar 2008.

Þá kom fram að Öryggisfjarskipti ehf., kt. 641106-1430, hefði verið stofnað um TETRA fjarskiptakerfið og væri skráður tilgangur félagsins öryggisfjarskiptaþjónusta o.fl. Félagið hefði fengið gefna út tíðniheimild af hálfu PFS á árinu 2007 vegna TETRA kerfisins. Að sögn forsvarsmanna Neyðarlínunnar væri Öryggisfjarskipti ehf. aðeins eignarhaldsfélag en eiginlegur rekstur TETRA fjarskiptakerfisins væri hjá Neyðarlínunni.

Ennfremur kom fram að við áætlun rekstrargjaldsstofns Neyðarlínunnar við álagningu rekstrargjalds þann 15. maí 2008 hefði farist fyrir að horfa til veltu af þeirri fjarskiptastarfsemi sem stafaði af rekstri TETRA kerfisins. Aðeins hefði verið horft til veltu af þeim hluta neyðarsímsvörunar sem teldist til fjarskiptaþjónustu. Þá hefði ekki verið tekin afstaða til þess hvort tekjur af Vaktstöð siglinga teldust tekjur af fjarskiptastarfsemi.

Að lokum kom fram að í ljósi þess að ofangreindur álagningarstofn Neyðarlínunnar hefði ekki reynst réttur hefði PFS í hyggju að ákvarða álagningu rekstrargjalds á félagið að nýju með heimild í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003. PFS óskaði eftir að félagið léti stofnuninni í té ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2007, ásamt upplýsingum um gjaldskylda veltu af fjarskiptastarfsemi félagsins á sama ári.

1.4 Svar Neyðarlínunnar, dags. 17. nóvember 2008

Svar Neyðarlínunnar við ofangreindri fyrirspurn barst með tölvupóstum þann 10. og 17. nóvember 2008. Fram kom að tekjur af fjarskiptastarfsemi félagsins á rekstrarárinu 2007 hefðu numið kr. 258.791.470. Þar af námu tekjur af neyðarsímsvörun kr. 29.688.000 og tekjur af TETRA fjarskiptaþjónustu kr. 229.103.470. Engar tekjur væru af þjónustu Vaktstöð siglinga þar sem reksturinn væri fjármagnaður af ríkinu.

1.5 Tilkynning PFS um fyrirhugaða endurákvörðun rekstrargjalds Neyðarlínunnar, dags. 19. desember 2008

Með bréfi PFS til Neyðarlínunnar, dags. 19. desember 2008, tilkynnti stofnunin að hún hefði í hyggju, með stoð í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, að ákvarða álagningu rekstrargjalds félagsins að nýju fyrir rekstrarárið 2007, þar sem álagningarstofn sá sem lagður hefði verið til grundvallar álagningar á félagið þann 15. maí 2008 hefði ekki verið réttur að mati stofnunarinnar. Því hefðu forsendur framangreindrar álagningar rekstrargjalds á félagið ekki reynst réttar. PFS hefði í hyggju að styðjast við álagningarstofn þann sem félagið hefði talið fram í tölvupósti, dags. 17. nóvember 2008, kr. 258.791.470.

Fram kom að PFS hefði í hyggju að hækka framtalinn stofn Neyðarlínunnar til rekstrargjalds fyrir rekstrarárið 2007 um kr. 221.291.470 frá þeim stofni sem lagður hefði verið til grundvallar álagningar rekstrargjalds umrædds árs þann 15. maí 2008. Stofninn hækkaði því úr kr. 37.500.000 í kr. 258.791.470. Samkvæmt því myndi rekstrargjald félagsins þar af leiðandi hækka um kr. 663.874, úr kr. 112.500 í kr. 776.374. Samkvæmt ofanrituðu hefði PFS því í hyggju að ákvarða Neyðarlínunni ohf. rekstrargjald að fjárhæð **kr. 776.374** fyrir rekstrarárið 2007.

Að lokum kom fram í bréfi PFS að Neyðarlínunni væri veitt færi á að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun fyrir 17. janúar 2009. Fram kom að ef frekari gögn, skýringar og/eða sjónarmið bærust ekki stofnuninni innan tilsettra tímamarka mætti búast við því að stofnunin hrinti fyrirhugaðri endurákvörðun í framkvæmd í samræmi við þær forsendur sem að ofan greindi.

Ekkert svar barst frá Neyðarlínunni í kjölfar ofangreinds bréfs PFS til félagsins og nýtti félagið því sér ekki andmælarétt sinn.

II.

Forsendur og niðurstaða

Að ofangreindu virtu og með vísan til 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun ákvarðast gjaldstofn Neyðarlínunnar ohf. til rekstrargjalds fyrir rekstrarárið 2007 kr. 258.791.470. Rekstrargjald félagsins fyrir umrætt rekstrarár ákvarðast því kr. 776.374. Þar sem félagið hefur þegar greitt kr. 112.500 í kjölfar álagningar PFS á félagið, dags. 15. maí 2008, ber félaginu að greiða PFS mismuninn, þ.e. kr. 663.874.

Samkvæmt 7. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 er lögákveðnir gjalddagar vegna álagningar rekstrargjalds á árinu 2008 liðnir. Gjalddagi ógreidds rekstrargjalds miðast því við dagsetningu ákvörðunar þessarar og er eindagi mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá og með eindaga, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Ákvörðunarorð

Gjaldstofn Neyðarlínunnar ohf. til rekstrargjalds fyrir rekstrarárið 2007 ákvarðast kr. 258.791.470 og rekstrargjald félagsins fyrir umrætt ár ákvarðast kr. 776.374. Þar sem félagið hafði áður greitt kr. 112.500 í samræmi við fyrir álagningu ber félaginu að greiða mismuninn, eða kr. 663.874.

Samkvæmt 7. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 er lögákveðnir gjalddagar vegna álagningar rekstrargjalds á árinu 2008 liðnir. Gjalddagi ógreidds rekstrargjalds miðast því við dagsetningu ákvörðunar þessarar og er eindagi mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá og með eindaga, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 25. mars 2009

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

